



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á nýsveinahátíð
Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík**

4. febrúar 2023

Ágætu nýsveinar og heiðursiðnaðarmenn,
ráðherra,
forystufólk Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík,
aðrir góðir gesti.

Ég þakka þann heiður að fá að ávarpa ykkur á þessum glæsilega viðburði. Einkum er þetta hátíðarstund í hugum þeirra sem fá hér verðlaun í hendur, viðurkenningu fyrir vel unnin verk, vel stundað nám. Þessi stund er því til sannindamerkis um það að þið, ágætu nýsveinar, settuð ykkur markmið og náðuð þeim. Þið hafið núna sýnt ykkur sjálfum og öðrum hvað í ykkur býr. Ykkar er heiðurinn, satt er það – en ekki aðeins ykkar og engrar annarra.

Þetta er líka hátíðarstund í hugum þeirra sem standa ykkur nærrí, í hugum annarra í fjölskyldunni. Einnig er þetta hátíðarstund í hugum þeirra sem leiðbeindu og kenndu þessu fína fólki sem nú tekur næstu skref á lífsins braut.

Þessi stund er því einnig til sannindamerkis um það að – já, við þurfum að treysta á okkur sjálf, sýna seiglu, ekki gefast upp – en við þurfum líka að reiða okkur á annað fólk. Ég minni hér á merk orð Mugisons: Maður gerir ekki nokkurn skapaðan hlut einn. Reyndar orðaði hann það aðeins öðruvísí en á hátíðarstundu sýnum við hátíðarbrag.

Loks er þessi stund einmitt til merkis um metnað Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til merkis um metnað á sviði iðngreina. Við eיגum að sjálfsögðu að gera þeim eins hátt undir höfði og öðru námi. Og ég segi það hreina satt að mér finnst við alltaf vera að tala um að við þurfum fleiri iðnnema, að við þurfum að efla virðingu fyrir iðnnámi.

Erum við kannski á réttri leið? Ég minnist að árið 2016 vorum við níu í framboði til forseta Íslands, mun fleiri en voru þá í námi við pípulagnir. Í fyrra heyrði ég svo í fréttum um langa biðlista í iðnnám, að mörg hundruð manns kæmust ekki í það nám sem þau vildu stunda, nám í störfum sem sárvantar í samfélagið. Þetta er í sjálfu sér framför ef maður er bjartsýnn að eðlisfari, eða kannski ef maður kýs sér hana Pollýönnu sem ferðafélaga í gegnum lífið.

Kæru vinir: Á þessari hátíðarstundu er vissulega engin ástæða til annars en horfa björtum augum fram á veg – hvað annað er hægt að gera með þennan föngulega hóp fyrir framan sig? En um leið skulum við stefna að því að gera enn betur – að skapa iðnnámi enn betri skilyrði á þessu fallega landi okkar.

Því hvað væri samfélagið án iðnnáms, iðnnema og iðnaðarmanna? Það væri fátækt samfélag og frumstaett, samfélag sem stæðist ekki til lengdar, stæðist ekki stundinni lengi. Og ef þið trúið því ekki þá þyl ég hér þær iðnir sem við færum á mis við og er listinn ekki tæmandi:

Almenn ljósmyndun, bakaraiðn og bifreiðasmíði. Bifvélavirkjun og bílamálun, blikksmíði og bókband. Feldskurður, flugvélavirkjun og framreiðsluviðn. Glerslípun og speglagerð, gull- og silfurasmíði. Hattasaumur, hársnyrtiðn og hljóðfærasmíði. Húsasmíði, húsgagnabólstrun og húsgagnasmíði. Kjólasaumur og kjötiðn. Klæðskurður karla og klæðskurður kvenna. Kæli- og frystivélavirkjun. Kökugerð. Leturgröftur og ljósmyndun. Matreiðsla, málaraíðn og málsteypa. Málmsuða, mjólkuriðn og mótaskíði. Múraraiðn og myndskurður. Netagerð. Persónuljósmyndun og pípulagnir. Prentsmíð og prentun. Rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun. Rennismíði og símsmíði, skipasmíði og bátasmíði. Skósmíðaiðn, skósmíði og skóviðgerð. Skrúðgarðyrkja og snyrtifræði. Stálskipasmíði, stálsmíði og stálvirkjasíði. Steinsmíði, söðlasmíði, tannsmíði og úrsmíði. Veggfóðrun og vélvirkjun.

Já, kæru nýsveinar, kæru meistarar og heiðursiðnaðarmenn. Við hin reiðum okkur á ykkur og ykkar starfa, nú í dag sem alla daga. Ég þakka í lokin forstusveit Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur fyrir að standa svo vel að þessari miklu hátíð og óska ykkur öllum allra heilla.